

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 1914/92**frá 10. júlí 1992****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 3664/91 um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá 10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvínnum ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3664/91 ⁽²⁾ fjallar um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum.

Leyfilegur tími til að fullvinna vörur sem falla undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91 og heimilt er að láta fara gegnum fyrsta stig markaðssetningar til 16. desember 1992 og kynna í samræmi við ákvæði sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991 hefur reynst of stuttur og ætti því að lengja hann.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit framkvæmdanefndar um kryddvín.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 1992.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3664/91 komi hér með eftirfarandi:

„Fyrsta stig markaðssetningar á vörum bandalagsins og innfluttum vörum er falla undir reglugerð (EBE) nr. 1601/91 sem hafin var framleiðsla á fyrir 17. desember 1991 og verða fullunnar fyrir 17. október 1992 í samræmi við ákvæði er voru í gildi fyrir 17. desember 1991, er heimilt til 16. desember 1992 enda sé kynning þeirra í samræmi við þessi ákvæði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Hún kemur til framkvæmda 17. júní 1992.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1991, bls. 53.